

30. október 2012

Fréttatilkynning

Leið Íslands til aukins hagvaxtar

Skýrsla McKinsey & Company - Scandinavia

Að mati McKinsey & Company eru fjölþætt tækifæri til staðar í íslensku efnahagslífi til að ýta undir vöxt og framtíðarstyrk hagkerfisins. Fram til þessa hefur hagkerfið verið drifið áfram af sterkum útflutningsgreinum er byggja að megninu til á náttúruauðlindum og miklu framboði vinnuafis. Þar sem hvoru tveggja eru takmarkaðar auðlindir er mikilvægt að þeir sem ábyrgð bera á mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Ísland hugi að nýjum leiðum til að knýja hagvöxt til framtíðar.

Þrátt fyrir veigamikla styrkleika í hagkerfinu er þörf á umbótum á ýmsum sviðum. Framleiðni vinnuafis er 20% lægri á Íslandi en í helstu nágrannalöndum og umtalsverð tækifæri eru fyrir hendi til að auka arðsemi í fjármagnsfrekum atvinnugreinum. Ennfremur er þörf á auknum stöðugleika og fyrirsjáanleika í almennri stefnumörkun til að auka tiltrú fjárfesta og atvinnurekenda. Að lokum er mikilvægt að stjórnvöld leggi kapp á að umhverfi til menntunar og nýsköpunar skapi skilyrði til að auka umfang þekkingarstarfsemi á Íslandi.

Í skýrslu McKinsey & Company um leið Íslands til aukins hagvaxtar er lagt heildstætt mat á stöðu hagkerfisins, þar sem hagkerfið í heild og afmarkaðar atvinnugreinar eru borin saman við helstu nágrannaþjóðir Íslands. Út frá niðurstöðunum sem þar eru birtar eru lagðar fram tillögur til úrbóta á helstu sviðum efnahagslífsins. Að lokum eru reifaðar þær forsendur sem þurfa að vera til staðar til að unnt sé að hrinda langtíma hagvaxtaráætlun í framkvæmd.

McKinsey & Company er leiðandi alþjóðlegt ráðgjafarfyrtæki með skrifstofur í yfir 50 löndum. Miðlun og öflun nýrrar þekkingar hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins í gegnum síðustu áratugi. McKinsey & Company - Scandinavia hefur áður gefið út sambærilegar skýrslur fyrir önnur hagkerfi Norðurlandanna. Markmið með útgáfu skýrslunnar er fyrst og fremst að stuðla að málefnalegri og staðreyndamiðaðri umræðu um efnahagsmál og mikilvægi heildstæðrar sýnar í hagvaxtarstefnu ríkja.

Hjálögð er íslensk samantekt á skýrslunni og skýrsluna má finna [hér](#)

Frekari upplýsingar veita:

Klemens Hjartar, Senior Partner, klemens_hjartar@mckinsey.com

Atli Knútsson, Associate Partner, atli_knutsson@mckinsey.com